

Vítahringur – Helgusona saga

Verkefni

Leystu öll verkefnið eins vel og þú getur. Gættu vel að frágangi, málfari og stafsetningu.

Merktu við hvert verkefni þegar þú hefur lokið því.

1. og 2. kafli

Grímkell er aðalpersóna sögunnar. Hörður faðir hans á í útistöðum við Torfa, móðurbróður sinn, vegna erfðamála. Greinilegt er að ekki er búið að greiða Herði móðurarfinn og er hann mjög ósáttur.

Verkefni

- 1. Gerðu nákvæma grein fyrir skyldleika persónanna sem koma fyrir í kaflanum.
- 2. Lýstu því hvernig Grímkell leikur sér úti við.

Orðskýringar

liggja í loftinu tilfinning um að e-ð vofi yfir
kyrtill no. stutt kjóllaga karlmannsflík
erjur no. illindi, deilur

heygja so. jarðsetja, leggja í haug, forn greftrunarsiður
níðstöng no. stöng með níði eða níðrandi merkingu
ringulreið no. ruglingur, óreiða



3. og 4. kafli

Faðir Helgu jarlsdóttur hét Haraldur. Í bókinni segir að hann búi á Gautlandi. Gautland er eyja við austurströnd Svíþjóðar. Í dag heitir eyjan Gotland og tilheyrir Svíþjóð.

Verkefni

- 1. Finndu Gautland á landakorti. Hvað heldur þú að það hefði tekið Grímkel langan tíma að sigla þangað og hvaða leið hefði hann þurft að fara? Skrifðu nöfnin á þeim höfum og sundum sem Grímkell hefði siglt um á leiðinni til afa síns.
- 2. Kynntu þér söguna af fyrstu kynnum Harðar og Helgu, foreldrum Grímkels. Þú getur t.d. lesið um það í kvæðinu um Helgu jarlsdóttur eftir Davíð Stefánsson.
- 3. Lýstu tilfinningum Grímkels þegar hann horfir á Breiðabólstað brenna.
- 4. Útskýrðu eftirfarandi orð og orðasambönd á sama hátt og gert er hér í 1. – 2. kafla: *hálförökkur, rægja, fégráðugur, kjalta, vit, langeldur.*



5. og 6. kafli

Breiðabólstaður, heimili Grímkels, er brunninn. Fjölskylda hans er á leið yfir í Hvalfjörð þar sem hún sest að. Hörður hafði sem barn verið þar í fóstri, hafði alist þar upp. Hann og Geir, bóndinn í Botni, voru fóstbræður.

Verkefni

- 1. Hvers vegna kveikti Hörður í bænum á Breiðabólstað áður en hann yfirgaf hann ásamt öllu heimilisfólkinu?
- 2. Hvaða skýring er gefin á útliti bræðranna Kára og Barkar?
- 3. Finndu Reykholtssdal á landakorti og rifjaðu upp hvaða rithöfundur bjó þar á Sturlungaöld, u.þ.b. þremur öldum eftir þann tíma sem sagan gerist á.
- 4. Berðu saman lýsingu Grímkels á landslaginu á Breiðabólstað og Botni í Hvalfirði.
- 5. Útskýrðu eftirfarandi orð: *þrælakyrtil, Arabía, kvikur, blóthús, sjóndeildarhringur.*



7. og 8. kafli

Fyrirboðar eru algengir í Íslendingasögum. Í 7. kafla er að finna dæmi um slíkt í drekanum sem Grímkell sér þegar hann vaknar í fjallshlíðinni ofan við Botn. Um er að ræða þykkan þokubakka sem birtist drengnum eins og dreki með gapandi gin sem stefnir á bæinn í Botni. Þetta gefur sterklega til kynna að eitthvað hræðilegt eigi eftir að koma fyrir á þessum stað eða fólkið sem þar býr.

Verkefni

- 1. Hvað er gefið til kynna um samband Grímkels og ambáttarinnar Afreku?
- 2. Hvers vegna gefur Grímkell sér ekki tíma til að heilsa Glúmi, syni Vígdísar og Geirs í Botni?
- 3. Útskýrðu eftirfarandi orð: *þokubakki, tafarlaust, koffort, angist, stundarhátt, lúinn.*



9. og 10. kafli

Í þessum köflum segir m.a. frá Snjólfí gamla og Þorbjörgu Kötlu í Brynjudal.

Verkefni

- 1. Gerðu grein fyrir Kötlu í Brynjudal. Hver er hún og hvaða hæfileikum var hún gædd?
- 2. Hvernig er sambandi Harðar og Geirs háttað?
- 3. Hvernig gengur Grímkeli að sætta sig við hin nýju heimkynni?
- 4. Útskýrðu eftirfarandi orð: *lúinn, fjalhögg, flagð, rammgöldróttur.*



11. og 12. kafli

Grímkell á erfitt með að skilja fyrirboða sem hann þykist sjá og skynja í kringum sig. Þeir vekja óhug í brjósti hans. Hér kemur fram að móðir Harðar hefur látist áður en hann varð fullveðja og Torfi átti að gæta eignanna þangað til Hörður yrði nógu gamall til að taka við arfinum.

Verkefni

- 1. Hvað er það sem Grímkell kallar „þrælaslúður“?
- 2. Hvers vegna hafði Torfi horn í síðu Harðar?
- 3. Á þessum tíma leysti fólk ágreiningsmál sín á allt annan hátt en það gerir í dag. Er hægt að ímynda sér eða finna einhverja líklega skýringu á því hvers vegna Hörður drap bóndann á næsta bæ og brenndi bæinn?
- 4. Útskýrðu eftirfarandi orð: *dula, skilningsvana, háðskur, ógæfumaður, álög.*



13. og 14. kafli

Hér er rifjuð upp sagan af því þegar víkingarnir gerðu árás á Brúnuvík, heimkynni Afreku og Kormlaðar, og hnepptu þær í þrældóm.

Verkefni

- 1. Hvers vegna tárast Afreka þegar Grímkell segir að sig langi „heim“?
- 2. Berðu saman drengina Grímkel og Glúm.
- 3. Hvaða loforð var það sem Hörður hafði gefið syni sínum og gat síðan ekki staðið við?
- 4. Hvað verður til þess að það lifnar yfir þeim feðgum í þessum kafla?
- 5. Útskýrðu eftirfarandi orð og orðasamband: *skipalægi, heróp, skóglendi, að komast í fastar skorður, fóstbræður.*



15. og 16. kafli

Á þessum tíma byggðu menn hús sín einkum úr innfluttum viði. Íslenska timbrið var frekar notað til eldiviðar enda þóttu skógarnir okkar ekki mjög burðugir.

Verkefni

- 1. Grímkell eignast bróður. Hvaða tilfinningar ber hann til Björns bróður síns og hvernig kemur það fram?
- 2. Endursegðu drauminn sem Grímkel dreymdi aftur og aftur.
- 3. Lýstu leik strákanna með greinar úr skóginum.
- 4. Hvers vegna bregst Glúmur illa við því að Grímkell leyfir Afreku að sýni bogfimi sína?
- 5. Útskýrðu eftirfarandi orð: *skemma, bráður, hranalega, vopnaburður.*



17. og 18. kafli

Hér er haldið áfram að rifja upp það sem gerðist þegar víkingarnir gerðu strandhögg í Brúnuvík. Lýsingarnar á illvirkjum þeirra eru áttakanlegar. Einnig kemur fram að árásin var tilviljunarkennd en alls ekki skipulögð. Þeir áttu ekki von á neinum verðmætum öðrum en þrælum.

Verkefni

- 1. Þegar höfðingjar voru heygðir fylgdu þeim gjarnan vopn og ýmislegt fé mætt. Helga segir krökkunum söguna um Sóta víking og haug hans. Endursegðu þessa sögu með þínum eigin orðum.
- 2. Hvaða álög fylgdu hringnum sem tekinn var úr haugnum?
- 3. Hvers vegna skyldi Helga kjósa að segja krökkunum ekki frá þessum álögum?
- 4. Útskýrðu eftirfarandi orð og orðasamband: *sauðarleggur, grafhaugur, að strengja heit, mæna*.



19. og 20. kafli

Í 19. kafla er fjallað um daglegt líf sögupersóna; fiskveiðar, matseld og heyskap.

Verkefni

- 1. Gerðu grein fyrir því hvers vegna maturinn á Breiðabólstað bragðaðist betur en á Botni.
- 2. Hvað er gefið í skyn með óveðurslýsingunni þegar verið var að fara með heyið heim í hlöðu?
- 3. Gerðu grein fyrir erfiðri upplifun Afreku þegar hún vaknar á skipinu milli Suðureyja og Íslands.
- 4. Útskýrðu eftirfarandi orð: *flæðarmál, grandskoða, mynni, undirdjúp, ringulreið*.



21. og 22. kafli

Hér má lesa um haustblót Geirs í Botni, eins konar uppskeruhátíð þar sem Frey er þakkað fyrir góða uppskeru. Einnig er horft til baka og sagt frá því hvernig Afreka og Kormlöð komast í kynni við Grímkel og fjölskyldu hans.

Verkefni

- 1. Teiknaðu mynd sem lýsir blótinu eða veislunni sem haldin er í Botni. Skrifaðu texta við myndina.
- 2. Í hvers konar ástandi eru veislugestir þegar líða tekur á veisluna?
- 3. Lýstu því hvernig Afreka og Kormlöð komast í kynni við Grímkel og fjölskyldu hans.
- 4. Hver er staða þeirra systra þegar þær koma til Íslands?
- 5. Útskýrðu eftirfarandi orð: *hof, trog, mjöður, limlesta*.



23. og 24. kafli

Jólin líða með veislum og blóti. Þegar líður á veturinn fer að bera á matarskorti og ýmsir yfirmáttúrulegir atburðir gerast, m.a. hverfa sauðamenn og aðrir ganga fyrir björg. Slíkar lýsingar eru algeng minni í þjóðsögum, t.d. í sögunni um Mjóafjarðarskessuna.

Verkefni

- 1. Helga móðir Grímkels kann ýmislegt sem aðrir kunna ekki. Gerðu stutta grein fyrir þessari kunnáttu hennar.
- 2. Hvers vegna segir Afreka að Glúmur sé skíthæll?
- 3. Af hverju telur Grímkell að hann geti verndað systurnar Afreku og Kormlöðu?
- 4. Hvaða loforð gefur Grímkell Afreku?
- 5. Lýstu þeim yfirmáttúrulegu atburðum sem sagt er frá í 24. kafla.
- 6. Útskýrðu eftirfarandi orð: *smyrsl*, *skinnskjóða*.



25. og 26. kafli

Hetjur Íslendingasagna ortu gjarnan kvæði sem þær fluttu erlendum konungum og þáðu fyrir góðar gjafir. Grímkel dreymir um að feta í fótspor þeirra og flytja afa sínum á Gautlandi drápu. Víkingar notuðu rúnaskrift í stað þess ritmáls sem við þekkjum. Grímkell hefur áhuga á að læra að skrifa.

Verkefni

- 1. Myndskreyttu vísur Grímkels.
- 2. Kynntu þér rúnaskrift og reyndu að skrifa nafnið þitt með rúnalettri.
- 3. Að hvaða leyti eru Glúmur og Grímkell ólíkir drengir?
- 4. Útskýrðu eftirfarandi orð: *drápa*, *lofkvæði*, *rúnaskrift*, *slyngur*, *bleyða*, *ókind*, *raunatölur*.



27. og 28. kafli

Snjólfur hefur ákveðna skýringu á því hvers vegna Grímkell kann illa við sig í Botni. Hann segir drengnum söguna af ókindinni Morsa.

Verkefni

- 1. Endursegðu söguna af Morsa.
- 2. Hvers vegna má Grímkell ekki ganga of nærri fjallinu Þyrli?
- 3. Útskýrðu eftirfarandi orðasamband: *að vera úti á þekju*.



29. og 30. kafli

Afreka er gædd yfirnáttúrulegum hæfileikum og sér ýmislegt sem aðrir sjá ekki.

Verkefni

- 1. Hvaða ugg vekur Afreka í brjósti Grímkels með frásögn sinni?
- 2. Hvert er innihald vísunnar sem Grímkell fer með í viðureign Barkar og Glúms?
- 3. Útskýrðu eftirfarandi orð og orðasamband: *ránsfengur, láta í minni pokann, rupla, skunda.*



31. og 32. kafli

Heiðnir menn og kristnir höfðu ólíkt viðhorf til dauðans sem kom m.a. fram í því að heiðnir menn trúðu því að þeir sem féllu fyrir vopnum færu til Valhallar og þar biði þeirra eilíft líf í alsnægtum.

Verkefni

- 1. Hvers vegna breyttist viðhorf strákanna til Grímkels eftir að hann fór með vísu?
- 2. Hvert var viðhorf Grímkels til þess að fara í víking?
- 3. Nefndu a.m.k. fjögur atriði sem lýsa heiðinni trú.
- 4. Hvað bendir til þess að Afreku líði ekki vel?
- 5. Hvaða lausn sér Afreka á vandamálum sem blasa við fólkinu í Botni?
- 6. Útskýrðu eftirtalin orð: *bónorð, heimanmundur, drápa, hryssingslegur.*



33. og 34. kafli

Höfðingjar sendu oft syni sína í fóstur til ættingja sinna eða annarra höfðingja. Tilgangurinn með því var m.a. að styrkja vina- og fjölskyldubönd. Þannig hafði t.d. Hörður ungur verið sendur í fóstur til föður Geirs.

Verkefni

- 1. Á hvern hátt nýtir Helga jurtirnar sem vaxa villtar í náttúrunni?
- 2. Hvað fór Torfi fram á að Hörður gerði til að fá eigin sínar?
- 3. Hvers vegna kom Hörður æstur heim eftir vorþingið?
- 4. Útskýrðu eftirfarandi orð. Taktu fram hver mælti þau og af hvaða tilefni?: „*Ill var þín fyrsta ganga og munu margar illar eftir fara. Og mun þó verst hin síðasta.*“
- 5. Hvers vegna hafði Hörður verið sendur í fóstur?
- 6. Útskýrðu eftirtalin orð: *ómennska, álög, fóstbræður, ráðríkur.*

35. og 36. kafli



Ekki minnkar löngun Grímkels til að komast til Gautlands þegar Brimir frændi hans kemur í óvænta heimsókn.

Verkefni

- 1. Hvaða erindi átti Brimir til Íslands?
- 2. Hvað varð til að varpa skugga á draum Grímkels um að sigla til útlanda?
- 3. Hvernig fóru Geir og Hörður að því að sjá heimilisfólkinu í Botni fyrir mat þennan vetur?
- 4. Útskýrðu eftirtalin orð: *tiginn, bergnuminn, sáttfús*.



37. og 38. kafli

Hefndarskyldan og sæmdin eru mikilvæg hugtök í Íslendingasögunum. Talið var mikilvægara að falla með sæmd en að lifa við smán. Þannig var sæmdin jafnvel álitin meira virði en lífið sjálft og menn veigruðu sér ekki við að hefna á grimmilegan hátt ef þeim fannst sæmd sinni eða fjölskyldu sinnar misboðið.

Verkefni

- 1. Glúmur talar um skyldu sem hvíli á sér og Grímkeli ef illa fari fyrir Herði og Geir. Hvað á hann við?
- 2. Hvers vegna voru Hörður og Geir dæmdir sekir og hvað höfðu þeir að óttast?
- 3. Lýstu Hólmanum og þeim aðstæðum sem fólkið þar bjó við.
- 4. Útskýrðu eftirtalin orð: *þykkja, sexæringur, einstigi*.



39. og 40. kafli

Geirshólmur er næstum kringlóttur klettahólmur, nærri Þyrilsnesi í Hvalfirði. Þangað flutti heimilisfólkið í Botni.

Verkefni

- 1. Enn sér Grímkell drekann á lofti. Hvaða hugboð vekur það?
- 2. Hvers vegna leið Grímkeli betur úti í Hólmanum en í Botni?
- 3. Hvað var það eina sem Grímkell óttaðist úti í Hólmanum?
- 4. Hvers vegna virðist Afreka hafa elst um mörg ár?
- 5. Útskýrðu orðasambandið að *brenna í skinninu*.



41. og 42. kafli

Lífið í Hólmanum fer smám saman að ganga sinn vanagang. Þar vinna konurnar heimilisstörf.

Verkefni

- 1. Hvers vegna átti Afreka erfitt með að sjá fyrir hið ókomna í Hólmanum?
- 2. Hverjir voru það sem trufluðu Afreku og komu í veg fyrir skynjun hennar?
- 3. Hver var helsta ástæða þess að Gunnhildi leið vel í Hólmanum?
- 4. Segðu frá framtíðardraumum Gunnhildar.
- 5. Lýstu því sem konurnar í Hólmanum höfðu fyrir stafni. Hvað er líklegt að annað heimilisfólk hafi gert?
- 6. Útskýrðu eftirtalin orð: *flagð, seiðskratti, ofstopafullur*.



43. og 44. kafli

Gauragangurinn sem Afreka og Grímkell upplifa magnast enn. En enginn virðist verða var við hann nema þau.

Verkefni

- 1. Lýstu þeim ósköpum sem Afreka og Grímkell upplifðu um nóttina.
- 2. Hvers vegna varð annað heimilisfólk ekki vart við þessar hamfarir?
- 3. Hvernig sáu Hörður og Geir heimilisfólkinu fyrir mat?
- 4. Hvers vegna forðuðust Hörður og Geir Brynjudal?
- 5. Útskýrðu eftirtalin orð: *tröllaukinn, einbeittur, matföng*.



45. og 46. kafli

Í heiðnum sið voru menn heygðir eða lagðir í haug. Í kristnum sið eru menn jarðaðir eða lagðir í vígða mold.

Verkefni

- 1. Hvers vegna töluðu menn ekki lengur um að Glúmur og Grímkell yrðu fóstbræður?
- 2. Hvað heldur þú að hafi komið fyrir Glúm?
- 3. Lýstu athöfninni þegar Glúmur er heygður.
- 4. Hvaða hætta steðjaði að mönnum í Hólmanum þegar þeir reru til fiskjar eða fóru upp á land til að sækja vatn?
- 5. Hvernig var Kjartani Kötlusyni tekið þegar hann kom út í Hólmann?
- 6. Útskýrðu eftirtalin orð og orðasamband: *þrætugjarn, að slá í brýnu, mágur, matföng*.



47. og 48. kafli

Nú dregur til tíðinda og alvarlegir atburðir gerast. Það sem Afreka og Grímkell höfðu óttast kemur fram.

Verkefni

- 1. Um hvað voru Geir og Hörður ósáttir?
- 2. Hvers vegna hélt Hörður að hann gæti treyst Kjartani?
- 3. Hver er ástæða þess að sumir Hólmverjar voru tilbúnir að yfirgefa Hólmann með Kjartani?
- 4. Útskýrðu eftirtalin orð: *þvaga*, *yfirvegaður*.



49. og 50. kafli

Hér ráðast örlög margra sögupersóna.

Verkefni

- 1. Hvernig gat Kjartan talið Hörð á að koma með sér til lands?
- 2. Hvers vegna ákvað Helga að synda til lands með syni sína í stað þess að bíða eftir að Hörður kæmi aftur eins og hann hafði sagst ætla að gera?
- 3. Hvert ætlaði Helga að leita eftir hjálp þegar hún kæmi í land?
- 4. Hvað merkir málshátturinn *ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið*?
- 5. Útskýrðu eftirtalin nafnorð: *bleyða*, *ekki*.



51. og 52. kafli

Nú hægir á atburðarásinni um stund. Flestir Hólmverjar eru komnir í land og Helga býr sig undir að flýja með syni sína tvo á sundi.

Verkefni

- 1. Finnst þér hægt að réttlæta það sem Afreka gerði Glúmi?
- 2. Afreka segist oft hafa verið grimm við Grímkel. Hvaða skýringu gefur hún á framkomu sinni?
- 3. Hvers vegna syntu Afreka og Kormlöð ekki til lands með Helgu og sonum hennar?
- 4. Útskýrðu nákvæmlega eftirtalin orð og orðasambönd: *tímaspursmál*, *rammgerður*.



53. og 54. kafli

Frásögnin af Helgu jarlsdóttur og sundi hennar yfir Hvalfjörðinn með syni sína tvo er þekkt enda þótti það mikið afrek.

Verkefni

- 1. Lýstu líðan Grímkels þegar hann synti úr Hólmanum í land.
- 2. Hvað tók við hjá mæðginunum þegar í land var komið?
- 3. Hver var ástæða þess að óvinirnir vildu ná Helgu og sonum hennar en létu sér ekki nægja að handtaka Hörð?
- 4. Útskýrðu eftirtalin orð og orðasamband: *að súpa hveljur, silast, klif.*



55. og 56. kafli

Helgu tekst að komast undan með syni sína en þau eru öll í mikilli lífshættu. Óvinirnir láta áreiðanlega einskis ófreistað til að ná þeim og drepa. Það veit Helga.

Verkefni

- 1. Skoðaðu landakort og veltu fyrir þér leiðinni sem Helga fór ásamt sonum sínum tveimur.
- 2. Grímkell féll í djúpan svefn og hann dreymdi Afreku. Hvernig heldur þú að túlka megi drauminn?
- 3. Hvers vegna skyldi Helga senda son sinn á undan sér í bæinn þegar þau komu að Indriðastöðum?
- 4. Hvers vegna minnir Helga Grímkel á ættartengslin áður en hann heldur að bænum?
- 5. Útskýrðu eftirtalin orð: *skúti, skíma.*



57. og 58. kafli

Erfiðleikar mæðginanna eru síður en svo á enda þótt þau séu komin í skjól hjá Þorbjörgu föðursystur Grímkels.

Verkefni

- 1. Hvernig varð Þorbjörgu við þegar hún þekkti Grímkel?
- 2. Hvaða ráðstafanir gerði Þorbjörg til að koma í veg fyrir að flóttafólkið fyndist?
- 3. Hvers vegna verður Grímkeli hugsað til þrælakofans í Botni?
- 4. Hvernig leist Grímkeli á Þorbjörgu frænku sína?
- 5. Útskýrðu eftirtalin orð: *útihús, frís, spangóla, sýra.*



59. og 60. kafli

Fréttir berast af falli Harðar. Þorbjörg bregst við bróðurdaudanum með því að fá manninn sinn til að færa sér höfuð banamannsins.

Verkefni

- 1. Hvernig fær Þorbjörg bónda sinn til að lofa sér því að drepa Þorstein gullhnapp?
- 2. Hvenær telur Þorbjörg óhætt fyrir flóttafólkið að koma úr fylgsni sínu?
- 3. Hvernig persóna er Þorbjörg og hvernig fer hún að því að stjórna bónda sínum?
- 4. Útskýrðu eftirtalin orð: *lokrekka, skjóða, snúðugur*.



61. og 62. kafli

Goðin eru blótuð að fornum sið og menn sitja að sumbli. Grímkell veltir fyrir sér örlögum samferðafólks síns og því hvort Glúmur hafi átt vísa innkomu í Valhöll eða hvort hans hafi beðið vist í Hel.

Verkefni

- 1. Hvernig kom Indriði fram við Helgu og syni hennar?
- 2. Hvert er innihald kvæðisins sem Grímkell reynir að setja saman handa Afreku?
- 3. Hvers vegna vildi Grímkell ekki sjá hringinn og sverðið Sótnaut?
- 4. Hvernig fór Þorbjörg að því að hughreysta Grímkel?
- 5. Hvernig kemst Grímkell að því hver urðu örlög Afreku og hvernig varð honum við?
- 6. Útskýrðu eftirtalin orð: *haldreipi, mjöður, ruslalýður, limlesta*.



63. og 64. kafli

Grímkell hafði alltaf haft óbeit á ofbeldi og tilhugsunin um að veða menn vakti með honum óhug. Hann átti þó eftir að fyllast slíkri heift að hann vóg mann án þess að blikna.

Verkefni

- 1. Hvernig tilfinningar bærast í Grímkeli eftir að hafa heyrt um örlög Afreku?
- 2. Hvernig varð mönnum við þegar Grímkell stóð yfir þeim með sverð í höndunum?
- 3. Útskýrðu eftirtalin orð: *slíður, fálma, humátt*.

Eftirmáli

Verkefni

- 1. Gerðu góða grein fyrir þeim örlögum sem biðu sögupersónanna sem eftir lifðu.

